

Stillingar á sjálfgefnum prentara í Windows 10

Nýleg og sjálfvirk uppfærsla á *Windows 10* stýrikerfinu frá Microsoft setur inn virkni sem heiti **Let Windows manage my default printer**. Virknin er á þann hátt að *sjálfgefinn prentari* er alltaf sá sem notandinn notaði síðast.

Stólpi, eins og öll önnur forrit, notast alltaf við *sjálfgefinn prentara* eins og hann er stilltur á vél notanda hverju sinni. Sé notandi að nota fleiri en einn prentara getur þessi nýja stilling í stýrikerfinu skapað ákveðin vandræði, t.d. ef sölureikningar úr Stólpa eiga að prentast út á ákveðinn prentara sem ekki er lengur *sjálfgefinn prentari* á vél notanda.

Ef notandi vill slökkva á þessari virkni, þannig að *sjálfgefinn prentari* sé alltaf sá sami, þarf að breyta einni stillingu á vél notanda:

1. Ýtið á **Start** takkann í **Windows** og veljið **Settings** (tannhjólíð á mynd)
2. Veljið **Devices** og þar undir **Printers & scanners**
3. Í þeirri valmynd þarf að taka út hakið við **Let Windows manage my default printers**.
4. Síðan þarf að velja þann prentara sem notandi kys að hafa sem sjálfgefinn prentara (smella á *set as default*).



Allow Windows to manage my default printer

When this is on, Windows will set your default printer to be the one you used most recently at your current location.



Notendur í skýjaþjónustu Stólpa og með virka tengingu þegar þessi breyting er gerð, þurfa þeir að slíta teningunni við skýjaþjónustuna og enduroppna tenginguna. Tenging við skýjaþjónustu (*Remote Desktop*) skynjar ekki breytingar á sjálfgefnum prentara á vél notanda fyrr en tengingu við skýjaþjónustu er enduroppnuð.

Þjónustuborð Stólpa aðstoðar að sjálfsögðu sé þess óskað.

Netfang þjónustuborðs: stolpi@stolpi.is

Sími þjónustuborðs: 512-4400 – Opið alla virka daga frá kl 8:00 til 16:00